

Ed.

536. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 73 31. des. 1937, um gjaldeyrisverzlun o. fl.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefir haft frumvarp þetta lengi til meðferðar og leitað eftir samkomulagi milli stuðningsflokka stjórnarinnar um afgreiðslu þess. Hefir nefndin orðið ásátt um að mæla með frumvarpinu með breytingum þeim, sem hér fara á eftir, og að samtímis verði borin fram tillaga til þingsályktunar um skipun milliþinganefndar til athugunar á málinu, í samræmi við yfirlýsing þá, er gefin var þegar stjórnin tók við. Einn nefndarmanna (ErlÞ) mun bera fram sérstaka brtt. Samkvæmt þessu ber nefndin fram eftirfarandi

BREYTINGARTILLÖGUR.

1. Við 1. gr. Greinin fellur burt.
2. Við 2. gr. Greinin verður 1. gr. og orðast svo:

3. gr. laganna orðast svo:

Gjaldeyris- og innflutningsnefnd skal skipuð fimm mönnum, sem ríkisstjórnin skipar. Skal einn þeirra skipaður samkvæmt tilnefningu bankastjóra Landsbanka Íslands, einn samkvæmt tilnefningu bankastjóra Útvegsbanka Íslands h/f og þrír af ríkisstjórninni án tilnefningar, og sé einn þeirra formaður og framkvæmdarstjóri nefndarinnar. Ef nefndarmaður forfallast, skipar ríkisstjórnin varamann um stundarsakir eftir sömu reglum og aðalmenn eru skipaðir.

Ennfremur skal ríkisstjórnin skipa þriggja manna nefnd, einn eftir tilnefningu Sambands íslenzkra samvinnufélaga, annan eftir tilnefningu Verzlunarráðs Íslands og þann þriðja án tilnefningar, og sé hann formaður nefndarinnar. Nefnd þessi skal ákveða, hvernig skipta skuli milli innflytjenda innflutningi þeim, sem gjaldeyris- og innflutningsnefnd heimilar af búsáhöldum, skófatnaði, vefnaðarvörum og byggingarefni, að undanskildu því efni, sem ætlað er til þeirra opinberra framkvæmda og atvinnutækja, sem sérstök innflutningsleyfi eru gefin fyrir. Ríkisstjórnin setur nefndinni reglur um það, á hvern hátt hún skuli haga störfum sínum, og ákveður nánar verksvið hennar.

Til þess að standast kostnað við störf nefndanna skulu allir þeir, sem innflutningsleyfi fá, greiða 2% — tvo af þúsundi — af upphæð þeirri, sem leyfið hljóðar um, en þó eigi minna en 50 auru fyrir hvert einstakt leyfi.

3. Við 3. gr. Greinin falli burt.

Alþingi, 22. apríl 1940.

Magnús Jónsson,
form.

Erl. Þorsteinsson,
fundaskr., með fyrirv.

Bernh. Stefánsson,
frsm.